

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010, þjóðvegur 1, Ármótasel-Skjöldólfsstaðir 2, Fljótsdalshéraði.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 14. nóvember 2006 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010, frá 31. ágúst 2001.

Breytingin felst í því að þjóðvegur 1 um Jökuldal flyst norður fyrir Gilsá á 7,3 km kafla, milli eyðibýlisins Ármótasels og Skjöldólfsstaða 2 og liggur meðfram svonefndum Skjöldólfsstaðahnjúk. Stofnvegur frá Skjöldólfsstöðum 2 í átt að Arnórsstöðum breytist í tengiveg.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 14. nóvember 2006.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 29. nóvember 2006